

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2017.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, 204. mál.

Náttúruminjasafn Íslands þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, 204. mál.

Náttúruminjasafnið fagnar lagafrumvarpinu almennt en ætla má að starfsemi Umhverfisstofnunar verði markvissari og skilvirkari verði frumvarpið að lögum enda miðar það að samþættingu margvíslegra ákvæða úr nokkrum lagabálkum sem Umhverfisstofnun starfar eftir.

Vísað er í umsögn Náttúruminjasafnsins á fyrri stigum þessa máls, dags. 1. september 2016, og ítrekaðar þær tvær ábendingar sem þar komu fram.

Í fyrsta lagi að létta skuli af Umhverfisstofnun því hlutverki að annast umsjón **og rekstur** náttúruverndarsvæða (8. gr. lagafrumvarps) og eftirláta slíkt fremur sveitarfélögunum sem jafnan hafa nánari tengingu við viðkomandi svæði (sbr. athugasemdir Ríkisendurskoðunar).

Í öðru lagi að skýrt verði betur en gert er í lagafrumvarpinu ákvæðið í 2.mgr. 4. gr., sem fjallar um miðlun og upplýsingagjöf á vegum Umhverfisstofnunar, þannig að ekki leiði til óskilvirkni og óhagræðis í starfsemi meðal ríkisstofnana. Viðkomandi mgr. er í II. kafla frumvarpsins og fjallar um ýmis verkefni og er eftirfarandi:

„Umhverfisstofnun annast fræðslu, söfnun og miðlun upplýsinga um umhverfismál og ástand umhverfisins í samræmi við ákvæði annarra laga.“

Hér er tekið á fræðslu- og miðlunarhlutverki einnar ríkisstofnunar, Umhverfisstofnunar, en það hlutverk er þungamiðjan í starfsemi annarrar ríkisstofnunar, Náttúruminjasafns Íslands, og brýnt að löggjöfin taki af öll tvímæli um starfssvið og eðli verkefna sem unnið er með til að forðast tvíverknað, óskilvirkni og óhagræði.

Í fyrri athugasemd Náttúruminjasafnsins varðandi 2. mgr. 4 gr., var veitt nýlegt dæmi um augljósa skörun í starfsemi Umhverfisstofnunar við lögbundið hlutverk Náttúruminjasafnsins, sem var **vinna Umhverfisstofnunar við gerð sýningar** um náttúruvættið Surtarbrandsgil á Brjánslæk. Á sýningunni gefur að líta steingervinga og surtarbrand, sem eru friðlýstar náttúruminjar, og fjallað um jarðfræði, umhverfismál og mikilvægi náttúruverndar.

Engum blöðum er um það að fletta að framangreint sýningaverkefni er dæmigert viðfangsefni fyrir Náttúruminjasafn Íslands, sem lögum samkvæmt skal taka þátt í eða hafa umsjón með gerð náttúruminjasýninga frá grunni, þ.m.t. vinnu við efnistöð og innihald, hönnun, smíðar og uppsetningu. Þá er vert að hafa í huga að Náttúruminjasafnið býr yfir safnkosti og hefur til umráða gripi og gögn sem aðrir hafa ekki og kunna að nýtast í sýningahaldi af þessu tagi.

Í greinargerð með lagafrumvarpi þessu er vikið að athugasemd Náttúruminjasafnsins varðandi skörun í starfsemi stofnananna og tilgreint að ekki hafi þótt tilefni til að breyta 2. mgr. 4.gr. með hliðsjón af athugasemdinni. Að baki þessari niðurstöðu eru nefndar tvær ástæður. Önnur er að umrædd sýning **tengist umsjón** Umhverfisstofnunar á svæðinu, þ.e. Surtarbrandsgili. Hin ástæðan er að sýningin **tengist því hlutverki** Umhverfisstofnunar að **...„fræða, létta álagi á gilið og stýra umferð um það.“** Þessu síðarnefnda til stuðnings er vísað í rauðlistaskýrslu Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur að tekist hafi að koma í veg fyrir að fólk fari án leyfis í gilið og taki þaðan steingervinga.


Erfitt er að sjá hvernig þessar útskýringar halda vatni eða breyti nokkru um þá staðreynd að aðkoma og vinna Umhverfisstofnunar við sýningahaldið á Brjánslæk skarast verulega á við lögboðið hlutverk Náttúruminjasafnsins. Eitt er að hafa umsjón með náttúruverndarsvæðum, sem er hlutverk Umhverfisstofnunar, og annað að standa að frumvinnu við gerð fræðsluefnis og upplýsinga sem tengjast sýningahaldi, þ.m.t. vinnu við efnistöð og innihald, hönnun, smíðar, uppsetningu og viðhalds sýningar, sem er hlutverk Náttúruminjasafnsins. Ekki verður heldur séð hvernig þátttaka Náttúruminjasafnsins, eða samstarf Náttúruminjasafnsins og Umhverfisstofnunar, við gerð sýningarinnar á Brjánslæk hefði átt að koma í veg fyrir að markmiðum um fræðslu og náttúruvernd hefði verið náð, eins og gefið er í skyn með svarinu í greinargerðinni.

Lagaákvæði sem lúta að markmiðum, hlutverkum og verkefnum er tengjast fræðslu og miðlun á náttúrufræðilegu efni með sýningahaldi eru **mjög skýr í Náttúruminjasafnslögunum nr. 35/2007 en ekki fyrir hendi í lagafrumvarpinu um Umhverfisstofnun (ekki heldur í núgildandi lögum nr. 90/2002).**

Í framansögðu ljósi er því beint til löggjafans að skýra betur en gert er það ákvæði í lagafrumvarpinu, 2. mgr. 4. gr., sem fjallar um miðlun og upplýsingagjöf á vegum Umhverfisstofnunar, þannig að ekki leiði til óskilvirkni og óhagræðis í starfsemi meðal ríkisstofnana.

Undirritaður mætir fúslega á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða þessi mál sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður